

## L Ö G

33

12. júní

um viðauka við lög nr. 10 12. janúar 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Á eftir 2. mgr. 1. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að útvega síldarverksmiðjum ríkisins á Raufarhöfn lóðir eftir þörfum, og má í því skyni taka eignarnámi lóðir og leigurétt yfir lóðum, sem verksmiðjurnar þurfa á að halda, ásamt mannvirkjum á slíkum lóðum, eftir því sem kann að reynast nauðsynlegt, ef eigi næst samkomulag um kaup á þessu. Skal um framkvæmd slíks eignarnáms fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóvember 1917.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 12. júní 1939.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

## L Ö G

34

12. júní

um breytingar á lögum nr. 27 13. janúar 1938, um váttryggingarfélög fyrir vélbáta.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

a. Orðin „opna eða“ í 1. málgr. 3. gr. laganna falli burt.

b. Á eftir síðustu málgr. sömu lagagreinar bætist ný málgr., svo hljóðandi:

Skylt er og váttryggingarfélögum þessum að taka opna vélbáta til váttryggingar, ef eigendur óska þess.

## 2. gr.

Aðra málgr. 25. gr. laganna skal orða svo:

Bætur fyrir tjón á opnum vélbáti skal greiða samkvæmt sömu reglu sem um